



Margeir Vilhjálmsson
Gvendargeisla 130
113 Reykjavík

Hafnarfjörður, 3. ágúst 2022.

Aganefnd Golfsambands Íslands hefur borist kæra, dags. 29. júlí sl., frá mótsstjórn Íslandsmóts eldri kylfinga, sem haldið var á Jaðarsvelli, dagana 14. – 16. júlí s.l.. Samkvæmt kærunni er þér gefin að sök óíþróttamannsleg og ámælisverð framkoma með því að hafa meðal annars sniðgengið golfreglur, vísvitandi staðfest rangt skor, ákveðið sameiginlega með tveimur öðrum keppendum að virða úrskurð dómar að vettugi, þræta við dómarar mótsins um úrskurð hans, hvatt meðspilara þína til þess að hunsa úrskurð dómarar og í kjölfar niðurstöðu mótsstjórnar birt opna færslu á facebooksíðu þinni, þar sem verulega er vegið að fulltrúum mótsstjórnar, þeir bæði nafngreindir og sakaðir um lygar.


Kæran barst skrifstofu golfsambandsins þann 29. júlí sl. og fylgir hún með bréfi þessu. Aganefnd hefur tekið afstöðu til forms kærunnar skv. 8. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ og telur nefndin enga formgalla vera á kærunni sem valdið geta frávísun hennar frá nefndinni. Af þeim sökum hefur nefndin ákveðið að taka kæruna til efnislegrar meðferðar.

Með vísan til 8. gr. áðurnefndrar reglugerðar er hér með skorað á þig að halda uppi vörnum í málínu, með því að skila til aganefndar, á skrifstofu golfsambandsins, skriflegri greinargerð innan fjórtán daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Eftir að greinargerð þín hefur borist nefndinni mun þér verða tilkynnt um framhald málsins. Athygli þín er vakin á því að berist nefndinni ekki greinargerð innan framangreinds frests, mun nefndin taka málið til efnislegrar meðferðar á grundvelli þeirra gagna sem nefndin hefur undir höndum.

Um meðferð kærumála fyrir aganefnd vísast til reglugerðar um aganefnd GSÍ, sem finna má á heimasíðu Golfsambands Íslands, <https://www.golf.is/reglur/> ásamt öðrum þeim reglugerðum, keppnisskilmálum og golfreglum sem vísað er til í kærunni og koma fram á heimasíðu GSÍ. Auk þess er vísað í reglur R&A á linknum: <https://www.randa.org/is-is/rog/2019/pages/the-rules-of-golf>

Virðingarfyllst,


Guðmundína Ragnarsdóttir
formaður aganefndar GSÍ

Hjálagt eru eftirfarandi kæruskjöl:

1. Kæra, dags. 29. júlí 2022.
2. Keppnisskilmálar og staðarreglur GSÍ 2022
3. Viðbætur við staðarreglur og keppnisskilmála GSÍ vegna Afrit af Facebookfærslu kærða Margeirs Vilhjálmssonar, dag. 16. júlí 2022

Aganefnd Golfsambands Íslands,
Engjavegi 6,
104 Reykjavík.

Reykjavík, 29. júlí 2022.

Efni: Kæra vegna hegðunar kylfinga í Íslandsmóti eldri kylfinga

Með bréfi þessu vill mótsstjórn Íslandsmót eldri kylfinga, sem haldið var á Jaðarsvelli á Akureyri dagana 14.-16. júlí sl., kæra til aganefndar Golfsambands Íslands hegðun eftirfarandi kylfinga á öðrum keppnisdegi Íslandsmóts eldri kylfinga.

Kærandi:

Mótsstjórn Íslandsmóts eldri kylfinga, sem haldið var á Jaðarsvelli á Akureyri dagana 14.-16. júlí 2022. Í forsvari fyrir mótsstjórn er Arnar Geirsson, Kt.: 100571-3909, Heimilisfang: Flókagata 1 - 220 Hafnarfjörður; Sími: 894-0933, Netfang: arnar@golf.is, formaður mótsstjórnar.

Kærðu:

Margeir Vilhjálmsson
Kennitala: 020272-3099
Heimilisfang: Gvendargeisli 130, 113 Reykjavík
Golfklúbbur Reykjavíkur
Netfang: margeir@golfnamskeid.is
Sími: 773-1122

Kristján Ólafur Jóhannesson
Kennitala: 160664-3399
Heimilisfang: Fífuhalli 4, 200 Kópavogur
Golfklúbbur Reykjavíkur
Netfang: kristjanoj@gmail.com
Sími: 696-3491

Helgi Svanberg Ingason
Kennitala: 040660-7049
Heimilisfang: Arnarás 12C, 210 Garðabær
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
Netfang: helgi@marport.com

Kröfur:

Kærandi krefst þess að allir kærðu verði beittir þeim viðurlögum sem aganefnd er heimilt og telur eðlilegt að beita samkvæmt 12. gr. reglugerðar Golfsambands Íslands um aganefnd.

Málavextir:

Málavextir voru með þeim hætti að Golfsamband Íslands hélt í samstarfi við Golfklúbb Akureyrar, Íslandsmót eldri kylfinga á Jaðarsvelli á Akureyri, dagana 14.-16. júlí sl. Á öðrum keppnisdegi, eða þann 15. júlí, var dómarinn Tryggvi Jóhannsson, sem einnig átti sæti í mótsstjórn, við störf á vellinum og var hann staddur á göngustíg sem liggur á milli 15. og 17. holu. Þar hafði dómarinn útsýni yfir nokkrar holur. Var dómarinn þar staddur ásamt Arnari Geirssyni, sem einnig átti sæti í mótsstjórn. Voru þeir á þessu svæði vallarins vegna tímamælinga og eftirfylgni með leikhraða en leikhraði hafði verið hægur í þeim ráshópum sem voru við leik á holum sem útsýni var yfir af þessum stað. Ráshópar á þessu svæði voru í kringum 20-30 mín yfir þeim hámarks leiktíma (4:20 klst) sem gefinn var út fyrir mótið.

Var dómarinn ásamt Arnari að horfa niður á 17. flöt þar sem ráshópur nr. 16 var að ljúka leik til að geta merkt við þeirra leiktíma í leikhraðayfirliti í Golfbox. Í ráshópnum léku saman allir kærðu. Kærði Margeir lauk leik fyrstur á 17. flöt og gekk hann af flötinni og í átt að 18. teig en kærðu Kristján og Helgi voru að ljúka leik á 17 flöt. Þegar kærðu Kristján og Helgi höfðu báðir púttuð boltum sínum í holu, lögðu þeir bolta sína aftur á flötina og púttuðu aftur, eftir að leik var lokið á holunni. Samkvæmt staðarreglum sem í gildi voru í mótinu var slíkt óheimilt. Viðurlög við broti gegn 13. gr. staðarreglna GSÍ er almennt víti.

Þegar dómarí sá kærðu Kristján og Helga taka þessi æfingapútt fór hann í síma sinn til að ganga úr skugga um efni staðarreglna um leið og hann nálgast 18. teig til að tilkynna kylfinguum um brot sín. Dómari ásamt Arnari komu að 18. teig þegar ráshópurinn var að slá upphafshögg og beið dómarí með að ræða við kylfingana þar til hópurinn hafði lokið við að slá upphafshögg sín.

Þegar ráshópurinn gekk af 18. teig nálgauðist dómarí þá og spurði kærðu Kristján og Helga hvort þeir hefðu tekið æfingapútt á 17. flöt. Þeir játuðu því báðir og gerði dómari þeim þá grein fyrir reglubroti þeirra og tilkynnti þeim að þeir hafi báðir hlotið almennt víti fyrir brot á reglu.

Kærðu Kristján og Helgi voru fyrst hissa og brugðust svo illa við þessari tilkynningu. Kærði Margeir kom þá inn í samtalið og spurði dómarann "ætlið bið virkilega að vera eltast við þetta núna?" og sagði orörétt "bið eruð alveg úti á túni með þettal!". Kærði Helgi vildi meina leikmönnum en bara þeim. Að þessu loknu gekk ráshópurinn á brott frá dómara og vildi þeir væru ekki að tefja neinn með þessu. Eins spurðu þeir hvort þeir væru fyrstu leikmennirnir sem fengu refsingu fyrir þetta brot. Tjáði dómari þeim að þeir væru fyrstu leikmennirnir sem hann hefði séð taka æfingahögg. Urðu samskipti á milli dómara og þá

sérstaklega við kærða Margeir niður eftir 18. brautinni og taldi kærði Margeir leikhraða góðan og því enga ástæðu til að beita þessu víti. Dómari tjáði kærða Margeiri að leikhraði væri ekki góður. Umræddur ráshópur væri 34 mínútum yfir uppgefnum hámarks leiktíma þegar hann lauk leik á 17. holu en það eitt og sér hafði ekkert með umrætt brot að gera.

Í kjölfarið urðu frekari orðaskipti á milli dómara og kærða Margeirs þar sem hann lagði til að dómari lití fram hjá umræddu broti. Dómara fannst einsýnt að þessi samskipti væru ekki að skila nokkru og þegar dómari var að ganga á brott nálgaðist kærði Kristján dómarann og spurði hvort það væri rétt skilið að verið væri að dæma víti á sig. Dómarinn svaraði því játandi og spurði þá kærði Kristján hvort um væri að ræða eitt eða tvö högg í víti. Svaraði dómar honum á þá leið að um væri að ræða tvö högg í víti.

Gekk þá dómari á brott og fór til baka upp að 18. teig og sneri aftur til starfa á vellinum.

Einhverju síðar kom Jón Heiðar Sigurðsson, sem var í móttstjórn, til dómara og Arnars og spurði hvað hafði gengið á en hann var þá staddur á æfingarflót við skála. Var honum sagt frá málinu. Þarna voru þá saman komnir dómari, Arnar og Jón Heiðar og við skoðun þeirra á live-skori var eins og að umrædd ví tahögg hefðu ekki verið skráð á kærðu Kristján og Helga.

Fór dómari þá í skorkortamóttöku þar sem skorkort kærðu höfðu verið undirrituð og þeim skilað inn. Þegar dómari kom í skorkortamóttöku spurði starfsmaðurinn sem þar sat hvað hefði eiginlega komið upp á með viðkomandi ráshóp. Kærðu hefðu verið æstir þegar þeir komu í móttökuna. Samkvæmt lýsingu starfsmanns í samtalí við dómara hafði kærði Margeir sig mest í frammi og hafi hann talið að úrskurður dómara væri rugl og ættu hinir tveir kylfingarnir því hunsa úrskurðinn og ekki skrá ví tahögg á skorkort sín. Eftir því sem starfsmaður í skorkortamóttöku tjáði dómara þá lét kærði Margeir þau orð falla að “ef dómarinn ætlaði að standa við úrskurð sinn skyldi hann ganga á eftir því”.

Á þessum tímapunkti óskaði dómari eftir fundi í móttstjórn. Mótstjórn fundaði um málið og tók þá ákvörðun að veita öllum þemur kylfingum ráshópsins frávísun úr mótinu á grundvelli reglu 3.3.b, sbr. skýringar 3.3b(2) og 3.3.b(1)/1. Í stuttu máli fengu kærðu Helgi og Kristján frávísun fyrir að skila inn of lágu skori en kærði Margeir fékk frávísun fyrir að staðfesta, sem ritari, vísvitandi rangt skor en í því felst alvarleg misgjörð samkvæmt skýringu golfreglunnar. Vísast til viðeigandi skýringa við golfreglurnar vegna þessa.

Mótsstjórn fól dómara og Arnari að ræða við viðkomandi leikmenn, sem þeir gerðu.

Kærði Kristján var staddur í golfskála og báðu þeir Arnar og Tryggvi kærða Kristján um að hitta sig í herbergi mótsstjórnar. Varð kærði Kristján við því og óskaði eftir að Gísli Guðni Hall, sem einnig var keppandi í mótinu, fengi að vera viðstaddir samtalí sem vinur og lögmaður. Urðu mótsstjórnarmennir við þeirri beiðni. Kærða Kristjáni var tilkynnt um frávísun hans úr mótinu í upphafi samtalsins. Þegar Tryggvi spurði hann hvort kærða hefði verið ljóst að búið var að úrskurða á hann tvö ví tahögg játaði kærði hann því, auk þess sem

hann gekkst við því að hafa ekki skráð vítahöggin á skorkort sitt. Sagðist hann hafa hrifist með í einhverri stemningu sem varð til í ráshópnum og hafi hann því ekki skráð þessi tvö vítahögg á skorkort sitt.

Þá var haft samband við kærða Helga í síma og kom hann til fundar við Arnar og Tryggva skömmu síðar. Var farið yfir málið með honum og varð hann í kjölfarið æstur og endaði samtalið með því að ganga á dyr og skella aftur hurð. Áður en hann gekk á dyr kom fram að kærði Helgi hafði vitað af broti sínu og úrskurði dómarar en hefði engu að síður ekki skráð vítahöggin á skorkort sitt.

Reynt var að hafa samband við kærða Margeir símleiðis en hann svaraði ekki og voru honum send SMS skilaboð þar sem hann var beðinn um að hafa samband við móttjórn. Skilaboðin voru send kl. 17:44.

Að þessu búnu fóru dómarar og Arnar aftur út á völl í hefðbundið eftirlit með leikhraða. Þegar þeir óku saman göngustíg fram hjá 18. teig þá sáu þeir kærða Helga sitja þar á bekk. Þegar þeir óku fram hjá kærða Helga, þá sýndi hann þeim löngutöng.

Eftir að leik var lokið þennan keppnisdag og móttjórn var við undirbúning fyrir næsta dag kom kærði Helgi ítrekað og vildi ræða við móttjórn og fá frekari skýringar á málínun. Þetta gerði hann þrátt fyrir að honum hafi verið tjáð að ákvörðun mótsstjórnar stæði óhöggud. Eftir að hafa komið í þrígang og fengið sömu svörin, yfirgaf kærði Helgi golfskálann.

Þegar mótsstjórn var að vinna við undirbúning næsta dags um klukkan 20:00 hafði kærði Margeir enn ekki látið heyra í sér. Var þá reynt að hafa samband við hann aftur en án árangurs. Þá var tekin ákvörðun um að senda honum skilaboð með ákvörðun móttjórnar um frávísun hans og honum bent á að hafa samband ef spurningar vöknudu. Að því loknu voru rástímar fyrir þriðja leikdag birtir. Það var ekki fyrr en þá sem kærði Margeir hafði samband með skilaboðum og var mjög ósáttur við ákvörðun móttjórnar og óskaði skýringa á henni. Var honum þá boðið að eiga símtal við dómarar mótsins, sem hann hafnaði. Klukkan 20:57 barst Arnari tölvupóstur frá kærða Margeiri þar sem hann mótmælti formlega frávísun sinni úr mótinu. Þar sagði kærði Margeir dómarar hafa farið fram úr sér og að hann gæti ekki sem ritari borið ábyrgð á því sem hann ekki sá. Þá óskaði kærði Margeir eftir því að mótsstjórn endurskoðaði ákvörðun sína, sem stæðist enga skoðun að hans mati.

Móttjórn var tilkynnt um þennan tölvupóst og var ákveðið að funda klukkan 22:15. Á þeim fundi fór mótsstjórn aftur ítarlega yfir málið og sendi svo kærða Margeiri tölvupóst klukkan 23:04 þar sem honum var tilkynnt að fyrrí ákvörðun stæði óbreytt.

Svar barst frá kærða Margeiri klukkan 23:29 þar sem hann þakkaði fyrir svarið og sagðist hann ætla að senda það til stjórnar R&A í St. Andrews í Skotlandi og óskaði hann eftir nöfnum og netföngum allra sem í mótsstjórn voru.

Klukkan 07:43 að morgni þriðja leikdags sendi kærði Margeir SMS á Arnar og óskaði eftir fundi með mótsstjórn. Fékk hann svar um hæl þess efnis að það væri minnsta mál að funda um málið, öll mótsstjórn væri á staðnum og gæti fundurinn farið fram kl. 08:15. Kærði Margeir mætti á fund mótsstjórnar og fékk útskýringu á frávísun sinni og var hann mjög ósáttur við þau málalok. Kærði Margeir fullyrti að dómarí hefði ekki farið með rétt mál og sagði ítrekað við dómará „segðu mótsstjórn um hvað orðaskiptin okkar voru“. Kærði Margeir sagði að engum væri vísað úr móti samkvæmt reglu 3.3.b. og sagði hann að engum í ráshópnum hefði verið ljóst, þegar dómarí gekk í burtu af 18. flöt, hvort dómarinn hefði tilkynnt um umrædd vítaþögg. Honum fannst staðarreglur ekki hafa verið birtar með réttum hætti og fannst þær illa kynntar. Hann sagði að dómarí ætti að vera leiðbeinandi en ekki vera hlaupa út um allan völl og víta keppendur. Að lokum þakkaði kærði Margeir mótsstjórn fyrir fundinn en sagðist ekki ætla láta staðar numið við þetta.

Pann sama dag, eða þann 16. júlí, birti kærði Margeir færslu á Facebook síðu sinni þar sem hann gagnrýndi harðlega framgöngu mótsstjórnar í málinu. Í færslu sinni sakði hann einn meðlim mótsstjórnar (dómarann Tryggva) um lygar og aðra mótsstjórnarmeðlimi um að fylgja lygum í stað skynsemi. Ákvað kærði Margeir að nafngreina sérstaklega alla þá aðila mótsstjórnar sem hlut áttu að málí og í lok færslunnar merkti hann (taggaði) forseta Golfsambands Íslands með orðunum „bessi ósómi er á þinni vakt!“ Um efni færslunnar víast að öðru leyti til fylgiskjals með kæru þessari.

Að lokum vill mótsstjórn taka fram að í Íslandsmóti eldri kylfinga voru í gildi keppnis- og staðarreglur GSÍ fyrir árið 2022, sem samþykktar voru af stjórn GSÍ. Ásamt þeim voru settar viðbætur við staðarreglur GSÍ sem voru vegna Jaðarsvallar. Þessi skjöl fylgja með kæru þessari. Í keppnisskilmálum um mótið á vefsíðu Golfbox var hlekkur sem vísaði á reglur, ásamt reglugerð um mótið og aðrar reglur á golf.is. Allar reglur sem í gildi voru á Íslandsmótinu voru jafnframt aðgengilegar uppi á vegg í anddyri golfskálans á Jaðri frá 11.-16. júlí. Viðbætur við staðarreglur voru sendar út til keppenda með tölvupósti viku fyrir móti, ásamt upplýsingum um mögulegar tilfærslum á teigum.

Röksemdir:

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar um aganefnd er það hlutverk nefndarinnar að úrskurða um agabrot og óprúðmannlega eða ámælisverða framkomu kylfinga.

Framkoma allra kærðu sameiginlega

Kærandi byggir á því að allir þrír kærðu hafi gerst sekir um agabrot með framgöngu sinni í umrætt skipti, þótt framganga þeirra hafi verið ólík og eftir atvikum misalvarleg. Allir kærðu eiga það þó sameiginlegt að hafa vísvitandi hunsað úrskurð dómará mótsins með því að láta það ógert að gera grein fyrir vítaþöggum á viðeigandi skorkortum. Með háttsemi sinni sammæltust þeir í fyrsta lagi um að sniðganga golfreglur, í öðru lagi skila inn of lágu skori og í þriðja lagi virða úrskurð dómará mótsins að vettugi. Öll þrjú atriði fela í sér agabrot að mati mótsstjórnar, eitt og sér.

Keppendum í golfmótum og riturum þeirra er falið mikilvægt hlutverk þegar kemur að því að fáera samviskusamlega inn og skila réttu skori að loknum keppnishring. Í þessu sambandi vísar mótsstjórn til reglna 3.3b(1) og 3.3b(2) þar sem þessari ábyrgð er lýst.

Mikilvægi þessa hlutverks endurspeglast ekki einungis innan ráshópsins sjálf heldur ekki síður gagnvart öllum öðrum keppendum mótsins. Með háttsemi sinni höfðu kærðu þetta hlutverk sitt að engu og brugðust þar með skyldum sínum. Að mati mótsstjórnar var framkoma allra kærðu ámælisverð en með háttsemi sinni sýndu þeir ekki öðrum keppinautum og starfsmönnum mótsins þá virðingu sem áskilið er í 10. gr. móta- og keppendareglina GSÍ auk 14. gr. móta- og keppendareglina Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands.

Mótsstjórn vísar til þess að aganefnd hefur áður haft til meðferðar mál sem varða vísvitandi skil á röngu skori. Í úrskurði aganefndar í máli nr. 1/2013 var kylfingur úrskurður í 12 mánaða keppnisbann fyrir að skila vísvitandi inn of lágu skori. Í úrskurði 2/2013, sem varðaði sama atvik, var ritara keppandans veitt áminning fyrir sína aðkomu að málinu en ritarinn hafði látið sér í léttu rúmi liggja hvort keppandinn skilaði inn réttu skori.

Eins og áður segir þá létu kærðu sér ekki nægja að skila inn röngum skorum og höfðu þannig rangt við gagnvart öðrum keppendum mótsins, heldur ákváðu þeir einnig í sameiningu að hunsa úrskurð dómara um vitahögg. Fyrir liggur í málinu að kærðu Helgi og Kristján viðurkenndu báðir fyrir mótsstjórn að hafa vitað af úrskurði dómarsans áður en þeir skiliðu inn skorkortum sínum. Þá byggir mótsstjórn á því að kærði Margeir hafi einnig verið fullmeðvitaður um úrskurð dómarsans, enda hélt hann uppi kröftugum mótmælum gagnvart dómaranum á meðan keppendur gengu niður 18. braut vallarins.

Enginn vafi ætti að vera í málinu um úrskurð dómarsans í umrætt sinn og vitaskuld getur það engu máli skipt hvort kærðu voru efnislega ósammála úrskurðinum. Þeim bar einfaldlega að virða úrskurð dómarsans og telja vitahöggin með þegar þeir skráðu inn skor sitt og skiliðu til mótsstjórnar.

Að mati mótsstjórnar fólst í háttsemi allra kærðu ámælisverð hegðun sem er engan veginn í anda golfíþróttarinnar.

Framkoma kærða Helga

Hvað kærða Helga varðar þá vill mótsstjórn til viðbótar framangreindu nefna að kærði sýndi af sér afar ámælisverða hegðun þegar hann ákvað að sýna fulltrúum mótsstjórnar löngutöng þegar þeir keyrðu fram hjá honum við 18. teig vallarins. Það er algengt að keppendur í Íþróttum séu ósammála dómaranum en þrátt fyrir það ber þeim að virða niðurstöðuna og sýna dómurum tilhlýðilega virðingu. Það gerði kærði Helgi ekki í umrætt sinn heldur sýndi hann þvert á móti af sér óþróttamannslega framkomu auk þess sem hann sýndi fulltrúum mótsstjórnar mikla og barnalega vanvirðingu.

Framkoma kærða Margeirs

Hvað kærða Margeir varðar þá vill mótsstjórn til viðbótar framangreindu nefna að kærði sýndi af sér afar ámælisverða hegðun þegar hann í *fyrsta lagi* ákvað að þræta við dómara mótsins um úrskurð þess síðarnefnda, í *öðru lagi* þegar hann hvatti meðspilara sína til þess að hunsa úrskurð dómarans og í *þriðja lagi* þegar hann birti í kjölfar niðurstöðu mótsstjórnar færslu á Facebook síðu sinni þar sem verulega var vegið að fulltrúum mótsstjórnar, þar sem þeir voru bæði nafngreindir og sakaðir um lygar. Til þess að bíta höfuðið af skömminni ákvað kærði að enda færslu sína á þeim nótum að forseti golfsambandsins bæri á einhvern hátt ábyrgð á því hvernig komið væri fyrir honum. Að mati mótsstjórnar er enginn vafi á því að tilgangur kærða með því að nafngreina fulltrúa mótsstjórnar og forseta golfsambandsins í færslu sinni á samfélagsmiðlum hafi verið sá að kalla fram viðbrögð lesenda færslunnar gagnvart þessu fólk, sem ekkert hafði sér til saka unnið annað að fylgja þeim reglum sem í gildi voru í Íslandsmóti eldri kylfinga.

Kærandi telur alla framangreinda hegðun kærða Margeirs fela í sér ámælisverða háttsemi, hverja fyrir sig.

Með vísan til alls framangreinds fer kærandi þess á leit við aganefnd Golfsambands Íslands að nefndin taki framgöngu kærðu til meðferðar og beiti þeim viðurlögum sem nefndin telur eðlileg.

Tilvísun til helstu laga- og golfreglna:

Kærandi vísar til golfreglna 1.2a, 3.3b og 3.3b(2) og túlkunar 3.3b(1)/1.

Þá vísar kærandi til reglugerðar um aganefnd GSÍ, einna helst 3. og 12. gr. varðandi heimild aganefndar til þess að fjalla agabrot og beita keppendur viðurlögum. Þá vísar kærandi til 10. gr. móta- og keppendareglina GSÍ auk 14. gr. móta- og keppendareglina Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands varðandi framkomu keppenda.

Loks vísar kærandi til þeirra staðareglina sem í gildi voru í Íslandsmóti eldri kylfinga, bæði almennra staðarreglna GSÍ 2022, almennra staðarreglna 2022 um hegðun leikmanna og sérstakra staðarreglna á Jaðarsvelli.

Fylgigögn:

Kærandi leggur fram eftirfarandi skjöl með kæru þessari.

Nr. 1 Kæra þessi

Nr. 2. Keppnisskilmálar og staðarreglur GSÍ 2022

Nr. 3. Viðbætur við staðarreglur og keppnisskilmála GSÍ vegna Jaðarsvallar

Nr. 4. Afrit af Facebook færslu kærða Margeirs Vilhjálmssonar, dags. 16. júlí 2022.

Kærandi áskilur sér rétt til þess að leggja fram frekari gögn á síðari stigum.

Vitni:

Kærandi telur að eftirfarandi aðilar geti varpað ljósi á málsatvik:

Tryggvi Jóhannsson, Kt.: 280873-4549, Heimilisfang: Brekkugata 47 - 600 Akureyri, Sími: 7720399, Netfang: tryggvijoh@hotmail.com, dómarí mótsins og fulltrúi í mótsstjórn.

Arnar Geirsson, Kt.: 100571-3909, Heimilisfang: Flókagata 1 - 220 Hafnarfjörður; Sími: 894-0933, Netfang: arnar@golf.is, fulltrúi í mótsstjórn.

Jón Steindór Árnason, Kt.: 121175-3719, Heimilisfang: Hamragerði 21 - 600 Akureyri, Sími: 8627401, Netfang: jsarnason@gmail.com, fulltrúi í mótsstjórn.


Steindór Kristinn Ragnarsson, Kt.: 190683-5089, Heimilisfang: Daggarlundur 10 - 600 Akureyri, Sími: 8479000, Netfang: steindor@gagolf.is,

Jón Heiðar Sigurðsson, Kt.: 070191-3349, Heimilisfang: Grundargerði 5a - 600 Akureyri, Sími: 8238750, Netfang: jonheidar@gagolf.is, fulltrúi í mótsstjórn.

Andrea Ýr Ásmundsdóttir, Kt.: 010202-2130, Heimilisfang: Davíðshagi 12 - 600 Akureyri, Netfang: andreayrasmundsdottir@gmail.com, Sími: 847-7473, starfsmaður í skorkortaskráningu.

Gísli Guðni Hall, Kt.: 050372-5379, Heimilisfang: Kirkjustétt 32 - 113 Reykjavík, Sími: 8204606, Netfang: ggh@law.is, vitni að samtali mótsstjórnar og kærða Kristjáns.

F.h. kæranda



Arnar Geirsson, formaður mótsstjórnar



REGLUGERÐ UM AGANEFND GSÍ

1. gr. – Lögsaga

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga GSÍ sem samþykkt voru á golfþingi í nóvember 2021. Hún gildir um öll agavandamál í opnum móturnum, móturnum á vegum GSÍ og þeim móturnum og keppnisferðum sem GSÍ velur þátttakendur í hvort heldur í hlut eiga leikmenn, forystumenn golfklúbba, dómarar, áhorfendur, þjálfarar eða aðrir.

2. gr. – Málskotsréttur

Málskotsrétt til aganefndar hafa mótsstjórnir, dómarar, eftirlitsmenn GSÍ svo og stjórn sambandsins. Kæra til aganefndar skal vera skrifleg og skal ítarleg greinargerð um kæruefnio fylgja kærunni.

3. gr. – Hlutverk

Hlutverk aganefndar er að úrskurða um agabrot og óprúðmannlega eða ámælisverða framkomu.

Tilgangur aganefndar er jafnframt að koma með ábendingar til stjórnar og golfpings GSÍ varðandi laga- og reglugerðarbreytingar og aðgerðir er stuðlað geta að því að fyrirbyggja agabrot, enda samræmist það markmiði nefndarinnar að draga úr og takmarka óprúðmannlega framkomu í keppni á vegum GSÍ.

4. gr. – Skipan nefndarinnar

Aganefnd GSÍ skal skipuð 3 aðalmönnum, og þremur til vara. Skal a.m.k. einn nefndarmanna og einn varamanna vera löglærður og einn nefndarmanna og einn varamanna skal vera með landsdómararéttindi í golfi. Nefndin kýs sér sjálf formann.

5. gr. – Vanhæfi

Nefndarmaður í aganefnd GSÍ er vanhæfur til að fara með mál ef:

- hann er aðili að málínu eða fyrirsvarsmaður aðila,
- hann hefur gætt réttar aðila varðandi sakarefnið eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu sem aganefndarmenn hafa,
- hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið,
- hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar,
- hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í d-lið,
- hann tengist eða hefur tengst vitni í málínu með sama hætti og segir í d-lið,
- fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef nefndarmaður eða nání skyldmenni eru félagsbundin aðila máls.

Stjórn GSÍ skal skipa nefndarmenn í aganefnd GSÍ til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr skipuðum nefndarmönnum og varanefndarmönnum vegna vanhæfis þeirra.



6. gr. – Kærufrestur

Kærufrestur til aganefndar GSÍ er 14 dagar frá því að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrot er að ræða, og skulu almennir frídagur ekki taldir þar með.

7. gr. – Kæra og form kæru

Kæra skal vera skrifleg.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í kæru:

- a) Nafn, kennitala, heimilisfang og símanúmer / faxnúmer / tölvupóstfang kæranda.
- b) Nafn kærða, kennitala, heimilisfang og símanúmer / faxnúmer / tölvupóstfang kærða.
- c) Nafn fyrirsvarsmanns kæranda, heimilisfang hans og símanúmer / faxnúmer / tölvupóstfang.
- d) Greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málinu.
- e) Lýsing helstu málavaxta.
- f) Tilvísun til þeirra laga- og/eða golfreglna sem við eiga.
- g) Lýsing á helstu röksemendum aðila málsins.
- h) Lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á, ásamt ljósriti af þeim gögnum.
- i) Upptalning á þeim vitnum sem kærandi mun kalla til skýrslutöku.

Kæra, ásamt fylgigögnum, skal send nefndinni. Heimilt er að senda kæru með faxi en þó skal frumrit ævinlega sent.

8. gr. – Málsmeðferð

Mál telst höfðað þegar kæra berst skrifstofu GSÍ og á kærandi rétt á staðfestingu á móttöku. Áður en málíð er tekið fyrir hjá aganefnd skal taka afstöðu til þess hvort einhverjir þeir formgallar séu á kæru sem varði frávísun með úrskurði. Verði málinu ekki vísað frá vegna formgalla skal það tekið fyrir til efnislegrar meðferðar.

Nefndin skal senda kærða (varnaraðila) án tafar og með sannanlegum hætti kæru og fylgigögn ásamt áskorun um að halda uppi vörnum í málinu. Kærða skal gefinn allt að 14 daga frestur til að skila greinargerð í málinu.

Þegar frestur kærða til að skila af sér gögnum er liðinn eða þegar öll gögn málsins hafa borist nefndinni skal nefndin innan 10 virkra daga taka ákvörðun um hvort mál skuli í reynd flutt, þá munnlega eða skriflega, hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir nefndinni eða annað það sem taka þarf ákvörðun um varðandi málsmeðferð málsins eftir móttöku þess.

Akveði nefndin að flytja skuli mál skal málflutningi lokið innan 10 virkra daga.

Nefndin skal leitast við að hraða störfum sínum eins og kostur er og skal úrskurður kveðinn upp innan viku frá því að málflutningi lauk.

9. gr. – Tilnefning talsmanns

Telji nefndarmenn í aganefnd að hætta sé á að málstaður annars málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður nefndarinnar upplýst framkvæmdastjóra GSÍ um slíkt. Framkvæmdastjóri GSÍ skal þá skipa aðila til að gæta hagsmuna viðkomandi í málinu.

10. gr. – Efni úrskurða

Úrskurðir aganefndar í kærumálum skulu vera skriflegir og rökstuddir og skal eftirfarandi koma fram:

- a. Hverjur séu aðilar máls.



- b. Kröfugerð og málavaxtalýsing.
- c. Helstu málsástæður og röksemdir málsaöila.
- d. Rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar.
- e. Sératkvæði minnihluta, ef um sílkt er að ræða.

Úrskurðir skulu undirritaðir af þeim, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls. Afl atkvæða ræður úrslitum máls.

11. gr. – Birting úrskurða

Nefndin skal senda með sannanlegum hætti málsaðilum staðfest endurrit úrskurða jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp og eigi síðar en innan 2ja virkra daga. Jafnframt sendir nefndin afrit af úrskurðinum til stjórna viðkomandi golfklúbba og stjórnar GSÍ.

Úrskurðir aganefndar skulu vera aðgengilegir almenningi og skulu þeir birtir á heimasíðu GSÍ.

12. gr. – Viðurlög í kærumálum


Aganefnd getur úrskurðað um að kærða verði veitt áminning eða úrskurðað hann í keppnisbann eftir eðli brota. Nefndinni er heimilt að skilyrða áminningu þannig að hún breytist í keppnisbann sé skilyrði ekki uppfyllt og er henni einnig heimilt að setja tímamörk á skilyrðið. Nefndinni er heimilt að úrskurða leikmann í keppnisbann í ákveðinn tíma eða úrskurða að keppnisbannið skuli gilda í ákveðnum mótum. Aganefnd er heimilt að úrskurða að keppnisbann gildi í allt að 2 ár frá dagsetningu úrskurðarins.

Úrskurðir aganefndar eru endanlegir, sbr. þó 18. gr. laga Golfsambands Íslands.

13. gr. – Fundargerðabók/Úrskurðarbók

Í fundargerðabók skal færa meginnefni þess, sem fram kemur á fundum nefndarinnar. Endurrit úr fundargerðabók má afhenda þeim, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta, en skal að jafnaði ekki birt almenningi.

Nefndin skal einnig halda sérstaka úrskurðarbók, sem hefur að geyma úrskurði hennar.



KEPPNISSKILMÁLAR OG STAÐARREGLUR 2022

Eftirfarandi keppnisskilmálar og staðarreglur, ásamt viðbótum og breytingum sem birtar verða á hverjum keppnisstað af mótsstjórn, munu gilda í mótmum sem haldin eru á vegum Golfsambands Íslands árið 2022, samanber reglugerðir móttanna.

KEPPNISSKILMÁLAR

1. Þátttökuréttur

Keppt skal samkvæmt viðeigandi reglugerðum GSÍ og Móta- og keppendareglum GSÍ.

2. Skorkorti skilað

Skorkorti telst skilað þegar leikmaður hefur afhent fulltrúa mótsstjórmars skorkortið og yfirgefíð svæðið sem til þess er ætlað. Ef skila á skorkorti í þar til gerðan kassa telst skorkortinu skilað þegar leikmaður hefur sett skorkortið í kassann.

3. Hvernig jafntefli er leyst

Upplýsingar um hvernig jafntefli skuli leyst verða birtar á mótsstað.

4. Birting úrslita

a) Holukeppni

Úrslit holukeppni teljast gild og endanleg þegar úrslitin hafa verið skráð á skortöflu.

b) Höggleikur

Þegar sigurvegari hefur fengið afhent verðlaun sín eru úrslit endanleg og keppni lokið.

5. Skorskráning

Leikmenn skulu skrá skor sitt eða ráshóps síns á rafrænan hátt að lokinni hverri holu, fari fulltrúi mótsstjórmars fram á það.

Viti fyrir brot á skilmála: Frávísun.

6. Úrskurðarvald dómara

Ákvæði mótsstjórn ekki annað hafa dómarar endanlegt úrskurðarvald.

STAÐARREGLUR

1. Vallarmörk (regla 2.1)

Bolti er út af þegar hann hafnar

- handan girðingar, veggjar eða hvítra hæla sem afmarka völlinn;
- handan hvítrar vallarmarkalínu eða er allur á henni;
- í eða handan skurðar, stígs, stéttar eða byggingar, sem afmarkar völlinn.

2. Vítasvæði (regla 17)

- Ef vítasvæði er einungis merkt á einni hlið teljast mörk þess framlengjast að vallarmörkum, eða óendenlega ef engin vallarmörk eru fyrir hendi.
- Gulir eða rauðir hælar með hvítum toppi marka vítasvæði sem jafnframt er bannreitur.

3. Grund í aðgerð (regla 16.1)

- Svæði merkt með bláum línum eða bláum hælum.
- Bláir hælar með hvítum toppi marka grund í aðgerð sem jafnframt er bannreitur.
- Hvert það skemmda svæði sem mótsstjórn eða tilnefndur fulltrúi hennar metur svo.

4. Brotin eða umtalsvert skemmd kylfa

Reglu 4.1b(3) er breytt, þannig:

Ef kylfa leikmanns „brotnar eða skemmist umtalsvert“ af leikmanninum eða kylfubera hans á meðan á umferð stendur, af öðrum orsökum en misbeitingu, má leikmaðurinn skipta um kylfu í samræmi við reglu 4.1b(4).

Þegar leikmaðurinn skiptir um kylfu verður hann að taka brotnu eða umtalsvert skemmdu kylfuna samstundis úr leik, í samræmi við ferlið í reglu 4.1c(1).

5. Samskeyti skorinna grasþakna

Ef bolti leikmanns liggar í eða snertir samskeyti grastorfa og samskeytinu trufla fyrirhugað sveiflusvið leikmannsins:

- Bolti á almenna svæðinu. Leikmaðurinn má taka lausn samkvæmt reglu 16.1b.

- Bolti á flötinni. Leikmaðurinn má taka lausn samkvæmt reglu 16.1d.

Þó er trufun ekki fyrir hendi ef samskeytinu trufla einungis stöðu leikmannsins.

Öll samskeyti innan sama svæðis tyfingar teljast sömu samskeytinu þegar lausn er tekin. Þetta merkir að ef leikmaður hefur trufun frá einhverjum samskeytanna eftir að hafa látið boltann falla verður leikmaðurinn að fara að eins og fram kemur í reglu 14.3c(2), jafnvel þótt boltinn liggi innan einnar kylfulengdar frá viðmiðunarstaðnum.

6. Staða hluta

- Jarfðastir steinar á snöggsglegnu svæði á almenna svæðinu og fjarlægðarmerkingar eru óhreyfanlegar hindranir (regla 16.1).
- Auglýsingafanar (strandflögg) eru hreyfanlegar hindranir (regla 15.2).
- Trjákurl, s.s. í stígum eða beðum, er lausung.

7. Óhreyfanlegar hindranir nærrí flötum

Veitt er lausn frá trufun vegna óhreyfanlegrar hindrunar samkvæmt reglu 16.1. Leikmaðurinn hefur einnig eftirfarandi viðbótarmöguleika við að taka lausn þegar sliðar óhreyfanlegar hindranir eru nærrí flötinni og í leiklinunni:

Bolti á almenna svæðinu. Leikmaðurinn má taka lausn samkvæmt reglu 16.1b ef óhreyfanleg hindrun er í leiklinunni, og er:

- Bæði innan tveggja kylfulengda frá flötinni og
- Innan tveggja kylfulengda frá boltanum,

8. Undantekning - Engin lausn er leiklinan er greinilega óraunsæ. Engin lausn er veitt samkvæmt þessari staðarreglu ef leikmaðurinn velur leiklinu sem er greinilega óraunsæ. Tímabundnar óhreyfanlegar hindranir

- Fyrirmund staðarreglu F-23 í opinberu leiðbeiningunum munu gilda, ásamt hugsanlegum viðbótum eða breytingum sem birtar verða á mótsstað.
- Ef fallreitur er innan 10 metra frá tímabundið óhreyfanlegri hindrun má láta bolta falla vítaust í nálægasta fallreit, auk þeirra lausna sem staðarreglan gefur kost á, ef tímabundna



KEPPNISSKILMÁLAR OG STAÐARREGLUR 2022

óhreyfanlega hindrunin truflar legu boltans, stöðu leikmannsins eða sveiflusvíð hans.

- c) Þar sem tímabundnar óhreyfanlegar hindranir eru staðsettar svo nærrí hver annarri að minna en 5 metra bil er á milli þeirra teljast hindranimarr ein tímabundin óhreyfanleg hindrun. Lausn er þá veitt frá samstæðunni í heild sinni.

9. Tímabundnar rafslínur og kaplar

Fyrirmund staðarreglu F-22 í opinberu leiðbeiningunum er í gildi.

10. Frestun leiks vegna hættulegra aðstæðna

Frestun leiks vegna hættulegra aðstæðna verður tilkynnt með löngu samfelldu hljóðmerki. Öll önnur frestun leiks verður tilkynnt með þremur stuttum hljóðmerkjum. Í öllum tilvikum verður tilkynnt um að leikur hefjist aftur með tveimur stuttum hljóðmerkjum, endurteknum. Sjá reglu 5.7b.

11. Bolta leikið utan lausnarsvæðis þegar tekin er aftur-á-línu lausn

Fyrirmund staðarreglu E-12 um bolta sem leikið er utan lausnarsvæðis þegar tekin er aftur-á-línu lausn er í gildi.

12. Akstur

Á meðan umferð er leikin má leikmaður eða kylfuberi ekki ferðast á neinu vélknúnu ökutæki nema eins og leyft er, eða síðar staðfest, af nefndinni eða samkvæmt reglugerð um golfbila í GSÍ mótum. Víti fyrir brot á staðarreglunni: Leikmaðurinn fær almenna vitið fyrir hverja holu þar sem staðarreglan er brotin. Ef brotið á sér stað á milli hola er vitinu beitt á næstu holu.

13. Æfling

Reglu 5.5b er breytt þannig í höggleik: Á milli hola má leikmaður ekki:

- Slá nein æfingahögg á eða nærrí flöt holunnar sem hann var að ljúka, eða
- Prófa yfirborð flatarinnar með því að nudda flötina eða rúlla bolta.

Víti fyrir brot á staðarreglu: Almenni viti.

14. Hegðunarreglur

Almennar staðarreglur um hegðun leikmanna á GSÍ mótum eru í gildi.

15. Leikhraði

Almennar staðarreglur um leikhraða og staðarreglur um leikhraða á mótaröðum GSÍ eru í gildi, eftir því sem við á.

16. Ráðgjafar í sveitakeppnum

Sérhver sveit má tilnefna einn ráðgjafa sem leikmenn sveitarinnar mega biðja um ráð og þiggja ráð frá á meðan umferð er leikin. Sveitin verður að tilkynna hvern ráðgjafa til nefndarinnar áður en einhver leikmaður í sveitinni byrjar umferð sína. Sveitin má skipta um ráðgjafa á meðan umferðin er leikin en þarf að tilkynna það nefndinni. Viðkomandi skal bera viðeigandi merkingu, óski mótsstjórn þess. Hafi liðsstjóri ekki tilkynnt hver ráðgjafi sveitarinnar er fyrir upphaf 1. umferðar telst liðsstjórin vera ráðgjafinn.

17. Kylfuberar

Kylfuberar skulu klæðast vestum frá Golfsambandi Íslands, óski mótsstjórn bess. Leikmaður ber ábyrgð á að skila vestinu um leið og skorkorti síðustu umferðar er skilað.

VIÐBÆTUR VIÐ STAÐARREGLUR ÍSLANDSMÓT ELDRI KYLFINGA

Bætt lega

Þegar bolti leikmanns liggur innan almenna svæðisins og þar sem gras er slegið í brautarhæð eða neðar má leikmaður taka vítalusa lausn einu sinni áður en högg er slegið, með því að leggja upphaflega boltinn eða annan bolta innan þessa lausnarsvæðis og leika honum þaðan:

- Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1)
- Stærð lausnarsvæðis, mæld frá viðmiðunarstað: Ein kylfulengd frá viðmiðunarstað, en með eftirfarandi takmörkunum:
 - Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis: Það má ekki vera nær holunni en viðmiðunarstaðurinn og það verður að vera á almenna svæðinu.

Þegar farið er eftir þessari staðarreglu verður leikmaðurinn að velja stað til að leggja boltann og fara eftir aðferðum við að leggja bolta aftur skv. reglu 14.2b(2) og 14.2e.

**Þar sem mörk brauta og karga eru óljós hafa mörkin verið auðkennd með hvítri punktalínu.
Bolti sem snertir línuna telst vera á braut.**

Þessi lausn er einnig í boði á svæðum sem afmörkuð eru með hvítri punktalínu. Bolti sem snertir línuna telst vera innan svæðisins.

Ómerkt vítasvæði

Eftirfarandi gildir um rauð vítasvæði sem eru ómerkt á annarri hliðinni:

- Hægra megin á 3. holu. Vítasvæðið telst framlengjast til hægri að vallarmörkum.
- Hægra megin á 6. holu. Vítasvæðið telst framlengjast óendanlega inn í skóginн þegar 6. hola er leikin.
- Hægra megin á 8. holu. Vítasvæðið telst framlengjast til hægri að vallarmörkum.
- Hægra megin á 9. holu. Vítasvæðið telst framlengjast óendanlega til hægri þegar 9. hola er leikin.
- Hægra megin á 12. holu . Vítasvæðið telst framlengjast óendanlega til hægri þegar 12. hola er leikin.
- Vinstra megin á 15. holu. Vítasvæðið afmarkast af rauðum hælum og brún vegar brautarmegin.

Bannreitir

Svæðið sem skilgreint er með bláum hælum með hvítum topp á 3. holu handan við læk sem þverar braut og nær að brekkurót er bannreitur og á að meðhöndlust sem óeðlilegar vallaraðstæður. Bannreitnum hefur verið skipt í þrjú svæði með hvítum punktalinum. Ef bolti leikmanns liggur í svæði næst læk skal fara á fallreit sem er auðkenndur með gulum hæl með hvítum topp. Ef bolti leikmanns liggur í miðju svæðinu skal fara í þann fallreit sem nær er (einn hægra megin ,einn vinstra megin við svæði) auðkenndir með hvítum hæl. Ef bolti leikmanns liggur í svæði næst flöt skal fara að samkvæmt reglu 16.1.

Margeir Vilhjalmsson

16. júlí kl. 10:13 •

S...hæll á Íslandsmóti ...

Víða hef ég komið við í golfi á 38 árum - en aldrei hef ég orðið vitni að eins miklum fáránleika og ég fékk að kynnast á Akureyri í gær og í morgun á Íslandsmóti eldri kylfinga. Þar var mér vísað úr leik fyrir svindl- eða eins og það heitir á reglumálinu - Alvarlegar misgjörðir.

Ég átti fund í morgun kl 8:15 með 5 manna mótsstjórnum á vegum Golfsambands Íslands sem kýs frekar að fylgja lygum eins nefndarmanns - en að láta skynsemina ráða.

Svo er það nú þannig með stoltið - að þegar menn fara framur sér í refsngleðinni - þá er erfitt að játa á sig mistök og draga í land. Arnar Geirsson, starfsmaður GSÍ, Steindór Ragnarsson, framkvæmdastjóri GA, Jón Heiðar Sigurðsson, Tryggvi Jóhannson golfdómari og Jón Steindór Árnason gjaldkeri GSÍ mynda mótsstjórnum þessa annars ágæta móts.

Málavextir:

Við erum þrír félögarnir að búnir að slá upphafshögg okkar á 18. braut á 2. hring og erum að gera okkur klára til að pútta þegar dómari mótsins Tryggvi Jóhannsson kemur hlaupandi niður að flötinni móður og er mikil niðri fyrir. Hann bendir á leikfélaga mína tvo. Heyrðið - þú og þú - þið voruð að endurtaka pútt á 17. flót eftir að leik var lokið og það er bannað samkvæmt staðarreglum. (Tekið skal sérstaklega fram að þetta er heimilt samkvæmt golfreglunum.)

Upphefjast nokkrar samræður milli mín í dómarans í framhaldi af þessu. Þar sprýr ég hvaða staðarreglna hann sé að vísa til - því enginn okkar kannaðist við að hafa fengið þær afhentar eða verið upplýstir um þær við upphaf leiks hvorki á leikdegi 1 eða 2.

Þá kemur að "orðaskiptum" okkar Tryggva dómara:

Ég sprýr Tryggva hvort þetta séu fyrstu tveir leikmennirnir sem hann sé að víta fyrir þetta því líklegt væri að þetta væri almennt stundað í mótinu. Því svarar hann ekki en segir mér hinsvegar að hann hafi verið úti á velli frá því klukkan 7:30 í morgun. Hann hafi ekki einu sinni fengið sér hádegismat og hann elgi fullt í fangi með að halda uppi leikhraða á vellinum. (Klukkan er rétt að verða 15:00 þegar samtalið á sér stað).

Ég sprýr hann þá hvort ekki sé bara best að slaka á - fá sér hádegismat og fara svo betur yfir þessi mál, því að okkar mati væri leikhraðinn bara finn. Ég bendi honum á að það sé hæpið að víta leikmenn samkvæmt staðarreglum sem þeir hafi ekki verið upplýstir um. Þeir voru ekki að tefja leik og áminnig væri kannski við hæfi. Sérstaklega þegar meint staðarregla sem engum okkar var kunnugt um gengur í berhögg við almennar golfreglur. Honum sé í lófa lagið að fylgja okkur til skorkortaherbergis enda séum við á 18. Tryggvi rýkur að því loknu frá 18. flötinni og uppað 17. og hverfur okkur sjónum. Hefði hann viljað víta meðspilara mína var honum í lófa lagið að fylgja okkur til skorkortaherbergis og sinna starfi sínu formlega. Það kaus hann að gera ekki.

Við stóðum eftir nokkuð undrandi. Vorum sammála um það að dómarinn væri að hlaupa á sig. Leikfélagar mínr neituðu að taka á síg víti. Við fórum og göngum frá skorkortum og staðfestum okkar skor. Að auki hafði ég gengið á undan félögum mínum af 17. flót og sá ekki hvað þar fór fram og dómarinn vísaði til.

Að leik loknum borðum við hjónin í golfskálanum eina pizza og svo var kíkt í Skógarböðin. Þar var ég frá kl. 17 til 19:45.

Kl. 17:44 berst mér sms frá dómaranum. Sæll Margeir. Vinsamlegast hafðu samband vegna úrskurðar mótsstjórnar.

Tryggvi dómari í Íslandsmóti eldri kylfinga.

Kl. 20:12 berst mér annað sms frá dómaranum: Sæll Margeir. Mótstjórn hefur tekið ákvörðun um að veita þér frávísun í Íslandsmóti eldri kylfinga vegna brots á reglu 3.3b. Kveðja Mötsjórn.

EKKI var mér veitt neitt tækifæri til andmæla.

Ég stóð í bréfaskriftum við mótsstjórn fram á kvöld í gær og legg fram formleg mótmæli. Læt fylgja rökfærslur. Mótmælum mínum var hafnað.

Fór svo og hitti mótsstjórnina kl 8:15 í morgun. Að sitja á fundi með 5 öðrum þar sem einn nefndarmanna sem jafnframt er dómari fer með hreinar lygar er merkileg upplifun. Tryggvi dómari vildi einhverra hluta vegna alls ekki deila með samnefndarmönnum sínum "orðaskiptum" okkar sem rakin eru hér að ofan. Að hans sögn skipaði hann mér sem ritara að færa víti á leikmennina. Báða. Sem er underlegt þar sem ég var bara ritari annars þeirra.

Okkur var öllum þremur vísað úr mótinu. Félögum mínum fyrir að skila inn of lágu skori og mér fyrir að kvitta uppá og lágt skor hjá félaga mínum. Helgi bigasor Kristján Ólafur Jóhannesson

Eins fyndið og það er - þá gerir reglan sem mér er vísað úr keppni fyrir að brjóta ráð fyrir því að ef ég sem ritari sé að skrá of lágt skor á meðspilara minn vísvitandi fái hann skor sitt leiðrétt og geti haldið áfram leik.

Veit ekki til þess að nokkru sinni hafi leikmanni verið vikið úr móti skv. þessari reglu.

Hulda Bjarnadóttir - þessi ósómi er á þinni vakt!